

Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni og Jóni Bjarnasyni.

Við 7. gr. Nýr liður:

7.11 Að auka hlutfé í Sementsverksmiðjunni hf. á Akranesi um allt að 500 m.kr.

Greinargerð.

Vegna samkeppni á sementsmarkaði, þar sem því hefur verið haldið fram að innflytjandi hafi beitt undirboðum sl. tvö ár, hefur Sementsverksmiðjan hf. átt í verulegum rekstrarerfiðleikum. Tap verksmiðjunnar árið 2001 var 228,4 millj. kr. og er talið að tap á þessu ári gæti orðið annað eins. Í þeim tilgangi að vinna tíma til þess að gera áætlun um framtíðarstöðu verksmiðjunnar leggja flutningsmenn til að hlutfé verði aukið í verksmiðjunni og fjármálaráðherra heimilað að nota allt að 500 millj. kr. í því skyni.